



# PERSÓNUVERNDARSTEFNA

## I. Almenn

Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað eða þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum hætti. Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu SFS. Nýjum félagsmönnum er kynnt stefna þessi þegar þeir ganga í samtökin.

## II. Persónuverndarlöggjöf

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma. Lögin taka m.a. til vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

## III. Ábyrgð

SFS bera ábyrgð á skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra upplýsinga í starfsemi sinni. SFS eru með skráða skrifstofu í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, og eru löglegir handhafar persónuupplýsinga sem veittar eru samtökunum. Hægt er að hafa samband við skrifstofu samtakanna með því að senda fyrirspurn á [sfs@sfs.is](mailto:sfs@sfs.is).

## IV. Söfnun og notkun persónuupplýsinga

Unnt er að skoða og nota vefsvæði SFS án þess að láta af hendi persónulegar upplýsingar, þar með talið netfang. SFS safna ekki upplýsingum sem vafri sendir frá sér þegar aðili nýtir þjónustu samtakanna, þ.e. gögn sem geta falið í sér upplýsingar eins og IP-tölu, tegund vafra, útgáfu vafra, síður þjónustunnar sem er heimsótt, tíma og dagsetningu heimsóknar aðila, þann tíma sem aðili varði á þessum síðum og önnur talnagögn.

Við skráningu í SFS óska samtökin eftir upplýsingum um stjórn umsækjanda, lykilstjórnendur og starfssvið. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar vegna skráninga í félagatali SFS, s.s. til að tryggja samskipti við fulltrúa innan fyrirtækis, til að svara fyrirspurnum og bregðast við óskum eða athugasemdum og til að fulltrúar félagsmanna geti nýtt kosningarétt í samræmi við samþykktir samtakanna. Slík söfnun persónuupplýsinga skal þó ekki ganga lengra en þörf er á hverju sinni. SFS afla þessara upplýsinga í trausti þess að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi fengið samþykki frá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir vinnslunni og hafi vakið athygli þeirra á persónuverndarstefnu þessari.

Persónuupplýsingar eru einnig notaðar af SFS þegar samtökin senda út fréttabréf samtakanna og þegar sendur er tölvupóstur til þeirra sem eftir því hafa óskað með efni sem kann að vekja áhuga, t.d. fréttir um viðburði á vettvangi samtakanna, ráðstefnur, málstofur, félagsfundir eða sérstakar kynningar. Þá geta einstaklingar, sem ekki eiga aðild að SFS, óskað eftir því að vera skráðir á póstlista samtakanna í sama tilgangi.

Ef aðili kærir sig ekki um slíkar póstsendingar, eftir að hafa skráð sig á póstlista SFS, ber honum að senda tilkynningu þess efnis á pósthöfund [sfs@sfs.is](mailto:sfs@sfs.is) eða afskrá sig með þar til gerðum hnappi í fjölpósti sem honum hefur borist.





SFS nýta persónuupplýsingar til að veita og bæta þjónustu. Aðili samþykkir söfnun og notkun upplýsinga í samræmi við þessa stefnu með því að nota þjónustu SFS eða skrá upplýsingar um sig hjá samtökunum. Með því að veita SFS persónuupplýsingar eftir að hafa kynnt sér persónuverndarstefnu samtakanna, samþykkir aðili skilmála og skilyrði stefnunnar.

## V. Miðlun

Rík áhersla er lögð á að varsla á persónuupplýsingum sé ávallt með ábyrgum hætti og verða þær upplýsingar ekki aðgengilegar öðrum en starfsfólki SFS og eftir atvikum Samtökum atvinnulífsins (SA) vegna aðildar SFS að þeim samtökum. Allar upplýsingar sem aðili afhendir starfsmönnum SFS í trúnaði, t.d. í tengslum við þjónustu samtakanna, er ekki miðlað til annarra en starfsmanna SFS eftir því sem við á og eru þeir bundnir fullum trúnaði. Allar upplýsingar sem aðili afhendir starfsmönnum SFS í trúnaði, t.d. í tengslum við þjónustu vinnnumarkaðsmála eða launarannsókna hagfræðinga SFS, er ekki miðlað til annarra en þeirra starfsmanna samtakanna sem koma að verkefninu og eru allir þeir aðilar bundnir fullum trúnaði. Í ákveðnum tilvikum eru upplýsingarnar framsendar til vinnnumarkaðssviðs SA.

SFS selja aldrei, leigja eða deila persónuupplýsingum. SFS miðla aldrei persónuupplýsingum til þriðja aðila án þess að samþykki aðila fyrir miðluninni liggja fyrir, sem honum er frjálst að hafna, nema þar sem SFS er það skylt samkvæmt lögum eða nauðsynlegt er til að hafa uppi eða verjast réttarkröfu. Þó er athygli vakin á því að allt efni sem aðili birtir eða deilir á samfélagsmiðlasíðum SFS eru opinberar upplýsingar. Athygli er vakin á því að með því að tengja saman síðureikning og samfélagsmiðlareikning aðila veitir hlutaðeigandi SFS leyfi til að deila upplýsingum með veitanda samfélagsmiðlaþjónustunnar. Notkun þeirra upplýsinga sem SFS deilir tekur mið af stefnu samfélagsmiðilsins um persónuvernd. Ef aðili vill ekki að persónuupplýsingum sé deilt með öðrum notendum eða með veitanda samfélagsmiðlaþjónustunnar, skal hann ekki tengja samfélagsmiðlareikning sinn við síðureikning eða deila efni inn á samfélagsmiðla frá síðunni.

## VI. Þriðji aðili

Þjónusta SFS og efni á heimasíðu samtakanna geta falið í sér tengla á aðrar síður sem SFS stjórna ekki. Smelli aðili á tengil frá þriðja aðila, verður honum beint á síðu þess aðila. SFS mæla eindregið með því að aðili skoði persónuverndarstefnu hverrar síðu sem hann heimsækir.

Persónuverndarstefnan nær ekki til upplýsinga eða vinnslu þriðja aðila sem SFS hafa hvorki stjórn á né bera ábyrgð á notkun, birtingu eða annarri vinnslu þeirra á persónuupplýsingum. SFS hvetja aðila því eindregið til að kynna sér persónuverndarstefnu þeirra aðila sem heimsóttir eru, þ.á.m. vefhýsingaraðila þeirra síðna sem geta vísað á síður SFS. Má þar m.a. nefna hugbúnaðarfyrirtækin Facebook, Apple, Google og Microsoft, ásamt þeirri greiðsluþjónustu sem aðili kys að nota.

## VII. Verndun

SFS leggja mikla áherslu á að vernda allar persónuupplýsingar. SFS munu tilkynna aðila án ótilhlýðilegrar tafar ef upp kemur öryggisbrot er varðar persónuupplýsingar hlutaðeigandi og hefur í för með sér mikla áhættu. Með öryggisbroti er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmatrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, breyttist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.





Athygli er þó vakin á því að aðili ber sjálfur ábyrgð á persónuupplýsingum, t.d. nafni, kennitölu og mynd, sem hann kys að deila eða senda á almennum vettvangi t.d. í gegnum Facebook síðu SFS. SFS vilja einnig taka fram að gagnaflutningur á internetinu er aldrei fullkomlega öruggur. Er því bent á að láta SFS umsvifalaust vita ef aðili telur hættu á að tiltekna upplýsingar sem hann hefur gefið samtökunum séu í hættu.

### **VIII. Varðveisla**

SFS reynir eftir fremsta magni að halda persónuupplýsingum um aðila nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum. SFS varðveita persónuupplýsingar að hámarki tvö ár frá úrsögn félagsmanns úr samtökunum, nema hlutaðeigandi hafi með samþykki sínu veitt SFS heimild til að varðveita þær lengur eða ef SFS eru það nauðsynlegt til að uppfylla lagaskyldu eða gæta lögmætra hagsmuna. Sama gildir um aðrar persónuupplýsingar sem aðili afhendir samtökunum t.d. í tengslum við starfsúmsókn eða úmsókn um setu í stjórn lífeyrissjóðs, ríkisstofnunar eða annars staðar þar sem SFS eiga fulltrúa. SFS munu fara yfir allar persónuupplýsingar um aðila einu sinni á ári og meta hvort heimilt sé að varðveita þær áfram. Ef SFS ákveða að ekki sé heimilt að varðveita þær áfram, munu samtökin hætta allri vinnslu með hlutaðeigandi persónuupplýsingarnar frá þeim tíma. Ef möguleiki er á að það kunni að vera þörf fyrir persónuupplýsingarnar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða til að höfða eða verjast réttarkröfu, munu SFS taka afrit af hlutaðeigandi persónuupplýsingum og varðveita þær á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

### **IX. Réttindi aðila**

Aðili á rétt á og getur óskað eftir tilteknum upplýsingum með því að senda fyrirspurn á [sfs@sfs.is](mailto:sfs@sfs.is). Einstaklingar hafa rétt á að beina eftirfarandi fyrirspurnum til SFS vegna skráningar samtakanna á upplýsingum:

- a. að fá að vita hvaða persónuupplýsingar eru skráðar um sig og hvernig þær eru tilkomnar og fá aðgang að persónuupplýsingunum,
- b. að fá upplýsingar um hvernig persónuupplýsingar um sig séu unnar,
- c. að persónuupplýsingar um sig séu uppfærðar og leiðréttar,
- d. að persónuupplýsingum um sig sé eytt, ef ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær,
- e. að andmæla og/eða takmarka hvernig persónuupplýsingar séu unnar,
- f. að fá afhendar persónuupplýsingar sem hlutaðeigandi hefur látið samtökunum í té eða að þær séu sendar beint til þriðja aðila með þeim takmörkunum sem réttindi og frelsi annarra setja,
- g. að afturkalla samþykki sitt til vinnslu þegar vinnsla byggist á þeirri heimild með sama hætti og hlutaðeigandi gaf það eða með því að senda SFS fyrirspurn á póstfangið [sfs@sfs.is](mailto:sfs@sfs.is),





- h. að fá upplýsingar um hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatáka, þ.m.t. gerð persónusniðs og um þau rök sem þar liggja að baki og einnig þýðingu og fyrirhugaðar afleiðingar slíkrar vinnslu.

Verði beiðni aðila tekin til greina og honum afhentar upplýsingarnar, skal það gert innan hæfilegs tíma, þó með þeim takmörkunum sem réttindi og frelsi annarra setja, þ.m.t. vegna viðskiptaleyndarmála og hugverkaréttinda. Athygli er vakin á að innheimt er sérstakt ljósrítunargjald. Aðila verður tilkynnt og gefin skýring á ef töf verður á afgreiðslu, eða ef ekki er unnt að verða við beiðninni að fullu, eigi síðar en einum mánuði frá móttöku hennar. Neitun SFS um að afhenda upplýsingar má bera undir Persónuvernd.

## **XI. Persónuvernd barna**

Persónuupplýsingum um börn yngri en 13 ára er ekki safnað.

## **VII. Breytingar á persónuverndarstefnu SFS**

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. SFS munu tilkynna um allar breytingar með því að birta nýja persónuverndarstefnu á heimasíðu samtakanna. Aðila er því ráðlagt að kynna sér persónuverndarstefnuna reglulega, en breytingar á henni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu SFS. Þegar efnislegar breytingar eru gerðar, sem kunna að hafa þó nokkur áhrif á réttindi aðila, munu samtökin tilkynna sérstaklega um þær. SFS taka öllum athugasemdum um persónuverndarstefnuna fagnandi og hvetja aðila til að senda fyrirspurnir um efni hennar.

